

Nd.

264. Tillaga

til þingsályktunar um afnám eftirlauna.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 5 manna millipinganefnd, til þess að ihuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna.

Jafnframt skal nefndin rannsaka launakjör embættismanna og annara starfsmanna landssjóðs og sjerstaklega koma fram með tillögur til þeirrar skipunar á þeim, er nauðsynleg og sanngjörn virðist í sambandi við afnám eftirlauna.

Tillögur, sem lúta að þessu, leggur stjórnin síðan fyrir Alþingi.